



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
b.t. bæjarráðs  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 27. desember 2017

1702004 SDA/aó

**Efni: Viðauki nr. 3 við fjárhagsáætlun 2017**

Í fylgiskjölum sem fylgja þessu bréfi eru gerðar tillögur að viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Tillögurnar byggja m.a. á samþykktum bæjarstjórnar og bæjarráðs á tímabilinu 24. ágúst til og með 21. desember 2017. Hluti tillagna frá bæjarráði og verkefnastjóra gerðu ráð fyrir lækkun á rekstrarafkomu A- hluta um nettó kr. 23.924.068. Þessu er hins vegar mætt með hækkun skatttekna að sömu fjárhæð.

Tillögur til lækkunar rekstrarafkomu eru 29,5 m.kr. Tillögur til hækkunar rekstrarafkomu eru 29,5 m.kr. Áætluð fjárfesting er hækkuð um 18,5 m.kr sem verður til þess að handbært fé A- hluta lækkar úr 267.454 þús/kr. í 248.954 þús/kr. eða um kr. 18.500.000.

Einnig eru settar fram tillögur af sviðstjórum, verkefnastjóra og forstöðumönnum um tilfærslur á milli deilda og innan deilda.

Í viðauka nr. 3 er einnig viðauki frá Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili sem leiðir af sér hækkun á rekstrarafkomu B- hluta um 17 m.kr sem verður til þess að rekstrarafkoma Höfða verður jákvæð um 2.548 þús/kr. og B- hluta jákvæð 2.513 þús/kr.

Breyting á rekstrarafkomu samstæðunnar (A-B hluta) hækkar úr jákvæðri stöðu 164.825 þús/kr í jákvæða stöðu 181.911 þús/kr.



## Akraneskaupstaður

### Helstu tillögur að breytingum sem hafa áhrif til lækkunar rekstrarafkomu:

- Áætlað framlag í veikindapott til hækkunar launagjalda um 12,0 m.kr. Beiðnir í veikindapott voru alls um 43,9 m.kr. en í fjárhagsáætlun 2017 voru 31,9 m.kr.
- Áætlað framlag til Flóasiglinga til hækkunar gjalda 9,0 m.kr. Áætlaður kostnaður vegna Flóasiglinga er um 16,0 m.kr. en í óráðstöfuðum tegundalykli voru 7,0 m.kr vegna Flóasiglinga.
- Áætlaðir gjaldaliðir vegna Tónlistarskóla eru hækkaðir um 5,2 m.kr vegna þriggja gjaldaliðaliða.
- Áætlaður gjaldaliður vegna Héraðskjalasafns er hækkaður um 2,5 m.kr.
- Áætlaður aðrir gjaldaliðir á Holtsflöt og Garðaseli eru hækkaðir um 0,7 m.kr.

### Helstu tillögur að breytingum sem hafa áhrif til hækkunar rekstrarafkomu:

- Eftirstöðvar á tegundalyklum í óráðstöfuðu 5,6 m.kr fært út.
- Áætlaðar skatttekjur hækkaðar um 23,9 m.kr. Útkomuspá gerir ráð fyrir hækkun á áætluðum skatttekjum um 80 m.kr.

Virðingarfyllst,

 

Steinar Adólfsson,  
sviðsstjóri

Andrés Ólafsson,  
verkefnastjóri

